
heimóttarlega hátt



grænar baunir *Höfundur Atli Már Árnason, teiknað líklega á sjötta áratugnum.*



Höfundur Dieter Roth, teiknað seint á á sjötta áratugnum.



Rómantíska þjóðernismyndmálið *Burstabær um vetrarnótt – miði á eldspýtustokk. Höfundur: Tryggvi Magnússon. Líklega teiknaður á þriðja áratugnum.*

undirbúningurinn færi upp á ljósaborðið og menn byrjuðu á því að klippa og líma. Tölvuhugtökin „Cut og Paste“ eiga upptök sín þarna.

Þetta jók alla möguleika á litprentun og grafísk hönnun varð til sem sérstök starfsgrein.“

Heimóttarskapur

Voru einhver sérístenskur einkenni á grafískri hönnun og eru ef til vill enn?

„Já, það er sérkennilegt hvað íslendingar hafa verið feimnir við formeinkenni sín. Við þekkjum sérístenskur einkenni á augabragði, sérstaklega úr fjarlægð, en eigum erfitt með að tala um þau.

Við eigum ekki í nokkrum vandræðum með að þekkja og tala um ítalska hönnun, við þekkjum og tölum um þýsk, bresk og dönsk sérkenni alveg hiklaust. Allar meginhugmyndir í stefnum og stíl ferðast hingað sem annað. Enda liggja sérkenni okkar ekki í hugmyndum heldur í úrlausnum eins og hjá öðrum. Íslensk sérkenni hafa ekki kynþokka Ítalanna, jarðtengingu og verkfræði Þjóðverjanna – fínlegheit og verkkunnáttu Dananna. Íslensk sérkenni eru heimóttarleg – vernakúlar. Þetta sést mest á smáatriðunum. Það er lítil þolinmæði gagnvart því fíngerða. Allt hefur tilhneigingu til að vera svolítið stórkallalegt. Enn hjartað er stórt og ræður ferðinni meira en vitsmunirnir. Það er kannski ástæðan fyrir feimninni. Þetta gildir ekki bara um grafíska hönnun heldur er þetta nánast einkenni á menningu okkar. Við eigum engan Corbusier eða Saarinen. En það kaldhæðnislega er að þessi heimóttarskapur okkar er að verða eftirsóttur víða um heim vegna áhuga á samspili jaðarsvæða við miðjuna. Í honum birtist það sérstaka, sakleysi og heiðarleiki sem er vandfundinn í sviðsettum glóbalisma.“

Þetta segir væntanlega sitt um sjálfsmynd Íslendinga? Er hægt að sjá hvernig hún hefur breyst á síðustu áratugum með því að skoða sýninguna? Geturðu nefnt dæmi? „Já, til dæmis finnst mér skemmtilegast og stórfróðlegt þegar Íslendingar taka á móti stórum hreyfingum eins og módernismanum. Hvað viðspyrnan er sterk og mikil. Þjóðernissinnar hvar í flokki sem þeir standa þola ekki módernismann vegna þess að hann snýst um andhverfuna, alþjóðahyggjuna.

Jónas frá Hriflu var foringi þjóðernisfagurfræðinnar. Hann hafði nákvæmlega sama smekk og Adolf og Jósef ef út í það er farið. Módernismi þriðja og fjórða áratugarins var kaffærður hérna algerlega. Módernisminn í grafískri hönnun tekur ekki flugið fyrr en um 1957 með útlitshönnun Dieters Roths og kápuhönnun Harðar Ágústssonar. Og það almennilega. Ég hef ekki séð hliðstæðu svona harðkjarnamódernisma annars staðar í Skandinavíu. Sjálfsmynd Íslendinga tekur svo algerum stakkaskiptum upp úr því. Við sýnum heiminum hvað við erum „alþjóðleg“ á okkar einstaka heimóttarlega hátt eftir það.“

Geturðu lýst því nánar hvað þessi heimóttarskapur felur í sér?

„Ég geri mér grein fyrir að heimóttarlegur er frekar neikvætt orð. Það er skylt stoppuðum sokkum og rifinni peysu. En í raun er þetta það sem kallað er vernakúlarismi eða heimatilbúningur. Þetta er til dæmis það þegar rakarinn gerir skiltið sitt sjálfur. Þegar módernisminn var upp á sitt besta fengu þeir aðeins virðingu í prentiðnaðinum sem skiluðu verkinu nánast gerilsneyddu. Þetta fór í taugarnar á Dieter og hann vildi láta „skítinn“, fingraförin og uppsetningarlímbandið sjást. Hann „hafnaði“ hefðbundinni týpógrafíu og handskrifaði. Þetta sem kallað er „use of dirt“ og handskrift hefur farið sem eldur í sinu um allan hönnunarheiminn á síðustu misserum.“

Áhrif Dieters Roths meiri en fólk gerir sér grein fyrir

Hvað einkennir grafíska hönnun hér á landi nú um stundir? „Fyrir rúmum fimmtán árum varð bylting í starfsumhverfi grafískra hönnuða hér sem annars staðar. Við vorum mjög fljót að laga okkur að þessum breytingum. Verkfæri okkar eins og ljósaborð, sirkill, vaxvél, letraset og reprómaster urðu að sýndarverkfærum á tölvuskjá. Það gekk ekkert illa fyrir fólk sem vissi og þekkti veröldina eins og hún var að skilja þessa yfirfærslu. Tákn verkfæranna og hugtakanotkun forritanna var byggð á þessari veröld sem var. Verr gengur að láta nýjar kynslóðir skilja hvað býr að baki. En þegar upp er staðið þá hefur tilgangur grafískrar hönnunar ekkert breyst. Hún snýst ennþá um að koma vöru eða inntaki á framfæri á áhrifaríkan hátt.

Í þessu stafræna umhverfi samtímans er hægt að gera allt sem hægt var að gera áður og margt sem þurfti mikla fyrirhöfn áður fyrr er lítið mál með þessari nýju tækni. En grafískir hönnuðir þurfa enn að geta teiknað og þeir þurfa enn að nota innsæi sitt.

Aldrei áður hafa íslenskir grafískir hönnuðir fengið eins mikla umfjöllun í alþjóðlegum hönnunarbókmenntum og tímaritum. Nokkrir starfa á alþjóðavettvangi eins og Hjalti Karlsson og Stefán Kjartansson. Ég tel líka að þessi sérkennilegi áðurnefndi heimóttarskapur sé að skapa okkur sérstöðu. Dieter Roth kom snemma auga á hann. Ég veit að heimóttarskapurinn var stór hluti hans eigin listar sem andhverfa glyssins og yfirborðsmennskunnar. Það er enginn vafi á því að hann á stóran þátt í því að módernisminn á sínum tíma festi hér rætur. Hann var líka fremstur í flokki við að draga alræðisvald hans í efa. Fáir listamenn eru með jafnmörg augu á sér og hann nú um stundir og ég tel okkur Íslendinga njóta góðs af því og að áhrif hans séu meiri í samtímanum heldur en fólk geri sér almennt grein fyrir.“